

Mál nr. 205/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 19. ágúst 2021 er hún var að taka á móti og aflesta vöruflutningabifreið á vegum X. M var stödd í vagni bifreiðarinnar og hugðist taka út mjólkurvagna á hjólum með því að fara aftan við röð mjólkurvagna og ýta á þá. Er hún var komin á milli mjólkurvagnanna féll vörubretti á M en því hafði verið staflað hafði verið ofan á mjólkurvagna sem voru staðsettir fyrir aftan M. Við þetta hlaut M áverka á hálsi, baki og brjóstkassa. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Vísar M til þess að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi samstarfsmanns hennar sem fyllti vöruflutningabifreiðina af vörum en hann hefði átt að ganga frá farminum á tryggari hátt áður en hann lagði af stað. Brettíð sem féll á M var nokkur hundruð kíló og því mikilvægt að skorða það vel áður en lagt var af stað svo M væri ekki í hættu við störf sín við aflestun bifreiðarinnar. Vísar M einnig til þess að vinnuaðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og vísar til laga 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og reglugerðar nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu farms. Telur M að tilkynning X til Vinnueftirlitsins hafi verið ófullnægjandi en slysið var tilkynnt samdægurs með rafrænni tilkynningu í stað þess að hringja. Það hafi leitt til þess að slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu. Vísar M til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um tilkynningarskyldu vinnuveitanda og nokkurra dóma þar sem vanræksla vinnuveitanda á tilkynningarskyldu leiddi til þess að frásögn tjónþola um atvik að vinnuslysi voru oftast lögð til grundvallar dómi. Að lokum telur M að hún hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að atvikið sé að rekja til saknæmrar og ólögðmætrar háttsemi X. Gera verði þær lágmarkskröfur til starfsmanna að þeir hagi vinnu sinni þannig að gætt sé varúðar og öryggis eins og sanngjarnt og eðlilegt er að ætlast af þeim. V telur ljóst að M hefði mátt sjá að ekki hafi verið hægt að losa og hreyfa við mjólkurvögnunum án þess að vörubrettið félli. Hér hafi verið um að ræða samspil óhappatilviks og eigin óaðgæslu M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X er vörubretti féll ofan hana og við það hlaut hún högg á háls, bak og brjóstkassa. Slysið var tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins en þrátt fyrir það kom engin frá eftirlitinu á slysstað til úttektar. Eins og málið liggur fyrir nefndinni er ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum vegna þess. Fyrir liggur að M hafði það hlutverk að afferma vöruflutningabifreið og stjórnaði sjálf hvernig staðið var að verkinu. Engin gögn hafa verið lögð fyrir nefndina sem sýna fram á að samstarfsmaður M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi er hann raðaði vörum í bifreiðina fyrir flutning. Verður slysið að mati nefndarinnar rakið til eigin sakar og aðgæsluleysis M sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir